

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 17. október 2023

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um lengri endurgreiðslutíma stuðningslána

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra reglugerðardraga, sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda 5. október sl. Drögin er að hluta til viðbragð við erindi sem FA sendi ráðuneytinu 14. júlí sl., en þar var lagt til að endurgreiðslutími stuðningslána sem veitt voru vegna kórónuveirufaraldursins yrði lengdur, t.d. úr 12 mánuðum í 36. FA færði rök fyrir því að slík breyting myndi í einhverjum tilvikum stuðla að því að firra ríkissjóð frekara tjóni vegna greiðslufalls, vegna þess að fyrirtæki réðu fremur við að dreifa greiðslum á þrjú ár en eitt.

Þessi viðbrögð ráðuneytisins eru því ánægjuleg og fagnar FA þeim. Ráðuneytið leggur til að hámarkslánstími og þar með endurgreiðslutími geti orðið allt að 18 mánuðum lengri. Annars vegar er lagt til að lánstími lána með fullri ríkisábyrgð geti orðið að hámarki 5,5 ár og hámarksendurgreiðslutími þannig í raun 30 mánuðir (2,5 ár) og hins vegar að hámarkslánstími lána með 85% ríkisábyrgð verði 7 ár og hámarksendurgreiðslutími þannig í raun 3,5 ár.

FA kemur ekki auga á rökin fyrir því að annað gildi um lán með 100% ríkisábyrgð og lán með 85% ábyrgð og leggur til að sami hámarksendurgreiðslutími gildi í báðum tilvikum.

Félagið telur brýnt að breytt reglugerð taki gildi sem allra fyrst, enda eru fyrirtæki byrjuð að greiða af lánunum.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA